

Hlustað á fossinn. Eigandi Guðmundur Jónsson.

SÝNING MEÐ „FÍNA NÁTTÚRU"

Vor. Eigandi Perla Kolka



Valtýr Pétursson skrifar um hina stórmerku Kjarvalssýningu sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum

Umhyggja. Eigandi Alfreð Guðmundsson.



Um þessar mundir stendur yfir sýning á verkum eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval, sem fengin hafa verið að láni hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Hér koma fram margar perlur Kjarvals, sem ekki hafa áður komið fyrir sjónir almennings. Þetta er stór og viðamikil sýning og fyllir Kjarvalssal. Aðeins tvö verk á þessari sýningu eru í eigu Reykjavíkurborgar, en það eru hin kunnu verk „Sól og sumar" og „Kritík". Að flatarmáli eru þau verk með stærstu, ef ekki allra stærstu verk, sem liggja eftir Kjarval, en það þýðir auðvitað ekki, að þau séu í hópi bestu verka hans. Það kemur enda mjög greinilega í ljós á þessari sýningu, að þessar stóru myndir standast hvergi samanburð við obbann af þeim listaverkum, sem á sýningunni eru. Það leynist heldur ekki, að Reykjavíkurborg er raunalega fátæk af verkum Kjarvals, þrátt fyrir hina miklu gjöf, er borgin öðlaðist að listamanninum látnum. Þá er það annað, sem blasir hér við, en það er þörfin á því að fá skrásett verk Kjarvals og gera tilraun til að komast fyrir um það, hvert lífsstarf hans var að vöxtum og hvar það er niður komið.

Ég hef haft nokkuð með list Jóhannesar Kjarvals að gera um dagana. Í tvö skipti hef ég ásamt öðrum staðið fyrir yfirlitssýningu á verkum hans og í því sambandi skoðað mikinn fjölda verka eftir Kjarval, en nú sé ég, að margt hefur farið fram hjá okkur. Eitt merkilegasta listaverk, sem Jóhannes Kjarval virðist hafa látið eftir sig, er á þessari sýningu. Hér verður að fullyrða með fyrirvara.